

Starfsreglur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum

Í lögum um Seðlabanka Íslands sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2001 var meðal annars kveðið á um eftirfarandi í 3. mgr. 24. gr.:¹

Bankastjórn setur starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal gerð grein fyrir ákvörðunum bankastjórnar í peningamálum og forsendum þeirra.

Í skýringum við greinina í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands sagði meðal annars eftirfarandi:

Ákvarðanir sem teknar eru á fundum bankastjórnar skulu skráðar með viðeigandi hætti og staðfestar með áritun bankastjórnar. Til þess að tryggja að ætíð séu viðhöfð bestu faglegu vinnubrögð við mótun og framkvæmd peningastefnunnar, í ljósi ákvæðanna um meginmarkmið stefnunnar skv. 3. gr., þykir rétt að festa í lög ákvæði um að sérstakar starfsreglur gildi um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana bankastjórnar í peningamálum. Hér er t.d. átt við verkferli sem gilda við undirbúning ákvarðana, við hvaða upplýsingar skuli stuðst og eftir atvikum hvaða embættismenn bankans aðrir en bankastjórnar taki þátt í því ferli þótt á endanum sé það bankastjórn sem formlega tekur ákvörðun. Mikilvægt er einnig að gera skýra grein fyrir ákvörðunum bankastjórnar, sérstaklega þeim sem varða beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum. Þær skal birta opinberlega þannig að skýrt sé á hvaða forsendum þær byggjast og hvað í þeim

felst. Með ákvæðum þessarar greinar er leitast við að tryggja að ákvarðanir bankastjórnar séu ætíð reistar á eins faglegum grunni og kostur er, að peningastefnan sé gagnsæ og að bankastjórn standi reikningsskil gerða sinna gagnvart stjórnvöldum og almenningi. Greinin felur ekki í sér kvöð um að bankastjórn skuli birta frásagnir af umræðum á fundum þegar ákvarðanir í peningamálum eru teknar eða afstöðu einstakra bankastjóra.

Á fundi sínum 10. janúar 2002 staðfesti bankaráð Seðlabanka Íslands tillögu bankastjórnar að starfsreglum um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum og fylgja þær hér á eftir. Í inngangi er lýst meginþingarmíðunum sem reglurnar byggjast á og lúta að nýtingu upplýsinga og þekkingar, faglegum vinnubrögðum, gagnsæi og skráningu raka að baki ákvörðunum í peningamálum. Samkvæmt lögum um Seðlabankann er ákvörðunarvald í peningamálum í höndum bankastjórnar. Reglurnar lýsa meðal annars meginmarkmiði Seðlabankans í peningamálum. Verðbólguþá gegnir lykilhlutverki í núverandi stefnu í peningamálum. Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans frá 27. mars 2001² kveða reglurnar svo á að bankinn geri ársfjórðungslega verðbólguþá þar sem spáð er tvö ár fram í tímann. Starfsreglurnar tilgreina að hún skuli undirbúin á hagfræðisviði bankans. Ítarlega skuli greint frá forsendum hennar hverju sinni. Bankastjórn fylgist stöðugt með framvindu efnahags- og peningamála og metur á grundvelli þess peningastefnuna í samhengi við verðbólguþámið bankans. Svokallaðir peninga- og fjármálafundir

1. Lög nr. 36/2001. Sjá grein um ný lög um Seðlabanka Íslands í *Peningamálum* 2001/3.

2. Yfirlýsingin var m.a. birt í *Peningamálum* 2001/2.

gegna mikilvægu hlutverki í því ferli. Einu sinni í mánuði að jafnaði skal sérstaklega metið hvort peningastefnan samrýmist verðbólguþéttum bankans. Bankastjórn staðfestir verðbólguþéttum og tekur ákvarðanir í peningamálum. Reglurnar fela ekki í sér að bankastjórn taki ákvarðanir í peningamálum á fyrirfram tilgreindum dögum.

Reglurnar kveða svo á að aðgerðir í peningamálum og meginforsendur þeirra skuli kynntar opinberlega svo fljótt sem verða má. Þó skuli þess gætt að þær verði ekki birtar á meðan innlendir markaðir eru opnir fyrir viðskipti. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að þetta ferli getur ekki gilt að fullu um inngríp Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði. Þau verða að sjálfsgöðu á meðan markaðir eru opnir og verða ekki tilkynnt fyrirfram eðli máls samkvæmt.

Að endingu er í reglunum kveðið á um mikilvægi þess að í Seðlabankanum verði sinnt ítarlegum rannsóknnum á þáttum sem varða stefnuna í peningamálum og framkvæmd hennar.

Sem fyrr segir kveða ný lög um Seðlabanka Íslands á um setningu reglna af þessu tagi. Enda þótt undirbúningur þeirra hafi staðið nokkurn tíma fela reglurnar í meginráttum í sér að nú hefur verið færð í letur lýsing á vinnubrögðum sem þegar hafa verið viðhöfð í bankanum um nokkurt skeið. Reglurnar verða endurskoðaðar eftir því sem tilefni gefst til. Meðal annars kemur til álitu þegar tímar liða að ákveða fyrirfram og tilkynna opinberlega daga þegar bankastjórn metur og ákveður hvort aðgerða sé þörf í peningamálum líkt og gert er víða annars staðar.

Starfsreglurnar eru eftirfarandi:

Starfsreglur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum

Starfsreglur þessar eru settar með hliðsjón af ákvæðum 3. málsgreinar 24. greinar laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Þær byggjast á eftirfarandi megináttum:

- Að tryggt sé eftir fongum að við ákvarðanir í peningamálum nýtist upplýsingar sem máli skipta og þekking starfsmanna Seðlabankans.
- Að við ákvarðanir í peningamálum séu viðhöfð bestu fagleg vinnubrögð og að þær séu vel grundaðar og í samræmi við markmið bankans.

- Að ákvörðunarferlið auki gagnsæi peningastefnunnar og auðveldi kynningu á henni.
- Að fyrir liggi eftirá hvernig einstakar ákvarðanir voru teknar og hvaða ráð og rök lágu að baki.

Vinnuferli

1. Samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar 23. greinar laga nr. 36/2001 fer bankastjórn Seðlabanka Íslands með ákvörðunarvald í peningamálum.
2. Samkvæmt 3. grein laga nr. 36/2001 er meginmarkmið Seðlabanka Íslands að stuðla að stöðugu verðlagi. Með samþykki forsætisráðherra hefur Seðlabankinn sett tölulegt markmið um verðbólgu sem er að jafnaði sem næst 2½% hækkun vísitölu neysliverðs á 12 mánuðum.
3. Seðlabanki Íslands gerir ársfjórðungslega verðbólguþéttum sem skal birt í *Peningamálum*. Verðbólguþéttum sem gerð er á ábyrgð bankastjórnar skal undirbúin á hagfræðisviði bankans. Við gerð hennar skal stuðst við spálíkön sem hagfræðisvið ræður yfir og þróar. Ákvörðun bankastjórnar um staðfestingu verðbólguþéttum skal vera skrifleg. Ítarleg grein skal hverju sinni gerð fyrir forsendum hennar.
4. Bankastjórn fylgist stöðugt með framvindu og horfum í efnahags- og peningamálum og metur peningastefnuna á grundvelli þess og í samhengi við verðbólguþéttum bankans. Bankastjórn byggir á upplýsingum frá hinum ýmsu sviðum bankans og mati þeirra á gögnum sem þau safna og leggja meðal annars fyrir *peninga- og fjármálafundi*, sbr. lið 5. Þá styðst bankastjórn einnig við upplýsingar sem aflað er með samtölum við fulltrúa ýmissa samtaka, stofnana og fyrirtækja.
5. Bankastjórn heldur *peninga- og fjármálafundi* að jafnaði tvisvar í mánuði en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði með aðstoðarbanksstjóra, aðalhogfræðingi og framkvæmdastjórum alþjóðasviðs, fjármálasviðs, peningamálasviðs og tölfræðisviðs. Á *peninga- og fjármálafundum* skulu meðal annars lagðar fram eftirfarandi upplýsingar frá einstökum sviðum bankans:

Frá *alþjóðasviði*: Mat á stöðu og horfum á alþjóðafjármálamörkuðum, upplýsingar um gjald-eyrisstöðu og gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands.

Frá *fjármálasviði*: Mat á stöðugleika fjármála-kerfisins og greiðslumiðlunar, þar með talin þróun og greining útlána, vanskila, eigin fjár og lausafjár lánastofnana og efnahags og afkomu heimila og fyrirtækja.

Frá *hagfræðisviði*: Mat á hinum ýmsu þáttum sem varða þróun og horfur í efnahags- og peningamálum, þ.m.t. á alþjóðlegum efnahagsmálum, mat á aðhaldsstigi peningastefnunnar og á þjóðhagslegum þáttum fjármálalegs stöðugleika.

Frá *peningamálasviði*: Mat á stöðu, framvindu og horfum á innlendum fjármálamörkuðum með tilliti til gengisþróunar, ávöxtunar og veltu á mörkuðum.

Frá *tölfræðisviði*: Tölfræðileg gögn úr efnahagsreikningum lánastofnana og af verðbréfamarkaði, greiðslujöfnuður við útlönd og undirþættir hans.

Að jafnaði einu sinni í mánuði skal sérstaklega metið hvort peningastefnan samrýmist verðbólgu- og markmiði bankans. Á slíkum fundum kunna fleiri starfsmenn bankans að verða kallaðir til þátttöku en þeir sem reglulega sitja *peninga- og fjármálafundum*.

Upplýsingum um þróun mikilvægra þjóðhagsvís- bendinga skal haldið til haga í Hagvísu Seðla- banka Íslands sem hagfræðisvið hefur umsjón með. Þeir skulu birtir á heimasíðu bankans.

Meginforsendur væntanlegrar verðbólgu- og spár skulu kynntar á *peninga- og fjármálafundum*. Í kjölfar þess gerir hagfræðisvið spá til fram- lagningar í bankastjórn.

Formaður bankastjórnar stýrir *peninga- og fjár- málafundum*. Þátttakendur í fundunum kynna og skýra efni sem frá sviðum þeirra kemur. Í fundar- gerð skal greint frá meginefni fundar og hvaða gögn voru lögð fram.

6. Bankastjórn heldur tíðari óformlega fundi um peningastefnuna eftir þörfum.

7. Bankastjórn fer með ákvörðunarvald í peninga- málum, samanber lið 1, og ber ábyrgð á opin- berum verðbólgu- og spám bankans, samanber lið 3. Áður en verðbólgu- og spá er staðfest eða tekin er endanleg ákvörðun um aðgerð í peningamálum heldur bankastjórn fund með aðstoðarbanka- stjóra, aðal- og framkvæmdastjórum fjármálasviðs og peningamálasviðs þar sem farið skal yfir verðbólgu- og spána eða forsendur hugsan- legrar aðgerðar, umfang hennar og fyrirkomulag og efni opinberrar kynningar. Aðrir starfsmenn bankans sitja þessa fundi eftir því sem banka- stjórn telur tilefni til hverju sinni. Endanlegar ákvarðanir eru teknar á fundi bankastjórnar.

8. Ákvarðanir í peningamálum skulu kynntar opin- berlega með frétt frá bankanum svo fljótt sem verða má. Þó skal þess gætt að þær verði ekki birtar á meðan innlendir fjármálamarkaðir eru opnir fyrir viðskipti. Í tilkynningum um aðgerðir skal greint frá meginforsendum þeirra og sam- hengi við verðbólgu- og markmið bankans.

9. Bankastjórn upplýsir bankaráð um helstu þætti í stefnu bankans, samanber ákvæði 28. greinar laga nr. 36/2001.

10. Bankastjórn leggur áherslu á að í bankanum fari fram ítarlegar rannsóknir á þáttum sem varða stefnuna í peningamálum og framkvæmd hennar í því skyni m.a. að skjóta styrkari stöðum undir mat bankans á horfum um framvindu verðlags og til þess að hann geti betur metið miðlun og miðlunarleiðir peningastefnunnar. Niðurstöður slíkra rannsókna skulu kynntar eftir því sem til- efni gefst til.

Reglur þessar voru staðfestar á fundi bankaráðs Seðlabanka Íslands 10. janúar 2002.

Birgir Ísl. Gunnarsson

Eiríkur Guðnason

Finnur Ingólfsson